



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 3. apríl 2024 um eftirfarandi mál:

Reitur 1.171.0 - breyting á deiliskipulagi - Laugavegur 1

Lögð fram umsókn Eignarhaldsfélagsins Arctic ehf., dags. 17. apríl 2023, um breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.0 vegna lóðarinnar nr. 1 við Laugaveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að fella úr gildi heimild til að rífa steinhús á bakhluta lóðar, Laugavegur 1A, ásamt því að núverandi leyfilegt byggingarmagn er fært til. Hluti leyfilegs byggingarmagns verður aukið neðanjarðar ásamt að leyfa rishæð yfir jarðhæð fyrir miðri lóð, samkvæmt uppd. Tvíeykis ehf., dags. 5. apríl 2023. Einnig er lagt fram skuggavarsuppráttur, ódags, samantekt og vangaveltur hönnuðar, dags. ódags og umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 19. maí 2022. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.


Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.


Auðun Helgason
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa stjórnýslu og gæða

Fylgiskjöl: uppd. Tvíeykis ehf., dags. 5. apríl 2023, skuggavarsuppráttur, ódags, samantekt og vangaveltur hönnuðar, dags. ódags og umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 19. maí 2022.


Breyting á deiliskipulagi á reit 1.171.0 vegna lóðarinnar Laugavegs 1



FYRIR BREYTINGU - AFSTÖÐUMYND MKV 1:500



FYRIR BREYTINGU - ÚTLITSMYND FRÁ LAUGAVEG MKV 1:500



SKÝRINGARMYND FYRIR BREYTINGU - SNIÐMYND A-A MKV 1:200


Gildandi skipulagsskilmálar fyrir breytingu			
Heiti lóðar	Lóð m ²	Byggingarmagn	Nhl
Laugavegur 1	553 m ²	1417 m ²	2,56
Laugavegur 1a	*	*	*



EFTIR BREYTINGU - AFSTÖÐUMYND MKV 1:500



EFTIR BREYTINGU - ÚTLITSMYND FRÁ LAUGAVEG MKV 1:500



SKÝRINGARMYND EFTIR BREYTINGU - SNIÐMYND A-A MKV 1:200

Skipulagsskilmálar eftir breytingu			
Heiti lóðar	Lóð m ²	Byggingarmagn	Nhl
Laugavegur 1	553 m ²	1417 m ²	2,56
Laugavegur 1a	*	*	*


Greinagerð: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 sem sýnir lóðina á Miðborgarsvæði (M1a). Í gildi er Deiliskipulag staðgreinारेतिस 1.171.0, Laugavegs- og Skólavörðustigsreiðir, dags. 11.02.2003 með síðari breytingum.

Breytingar: Með þessari deiliskipulagsbreytingu fellur úr gildi heimild að rífa steinhús á bakhluta lóðar, Laugavegur 1a, og núverandi leyfilegt byggingarmagn fært til. Hluti leyfilegs byggingarmagns verður aukid neðanjarðar ásamt að leyfa rishæð yfir jarðhæð fyrir miðri lóð. Sjá skýringarmynd eftir breytingu.

Skilmálar: Heimilt er að byggja innan byggingarreits sambyggt hús við eldra frammhús á reit, eina hæð, kjallara og ris í samræmi við skýringarmyndir. Elsti hluti Laugavegs 1, frammhús, sem er friðaður skal varðveittur og gerður upp í samráði við Minjastofnun. Innan lóðar er heimilt að hafa svalir úr risibúðum og utanálggjandi aðkomustuga/lyftu að rýmum. Heimilt er að gera verslunarymi í kjallara og á jarðhæð (1. hæð) Laugavegs 1 og gistiými og/eða skammtímaleigu í risi, sbr. sérákvæði um gististartsemi í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Stærð gististartsemi í risi frammhúsi yrði allt að 250 m² (mhl 01).

Þegar framkvæmdir hefjast á lóðinni þarf að hafa samráð við Minjastofnun og komi fornleifar í ljós þarf að hafa samráð við fornleifafraeðing og rannsaka þær áður en haldið er áfram.

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar reits. 1.171.0, sem samþykktar voru í borgarráði þann 11.02.2003.



Hluti aðalskipulags Reykjavíkur 2040

SKÝRINGAR:

- AFMÖRKUN DEILISKIPULAGSREITS
- AFMÖRKUN MIÐBORGARINNAR
- MÖRK SKILGREINDS GÖTUSVÆDIS
- Nb NÚVERANDI BYGGINGAR
- Nyb BYGGINGARREITUR HÁMARK
- Nyb BYGGINGARREITUR HÁMARK
- 1 og 2. hæð við Hverfisgötu og 1. hæð við Laugaveg
- 1 og 2. hæð við Hverfisgötu og 1. hæð við Laugaveg
- BINNANDI BYGGINGARLÍNA
- BYGGINGARREITUR NEÐANJARÐAR
- MEGIN MÆNISSTEFNA
- LÓÐARMÖRK
- 1KR HÆÐIR / KJALLARI / NYTANLEGT RIS
- 1KR LEYFILEG HÆSKUN HÚSS, HÆÐ OG ÞAKFORM VERÐI Í SAMRÆMI VÍÐ AÐLIGGLANDI HÚS
- 5P FJÖLDI BÍLSTÆÐA Á LÓÐ
- 5P FJÖLDI BÍLSTÆÐA Í BÍLGEYMSLU
- V20 VERNDUN 20. ALDAR BYGGINGA
- TF TILLAG AÐ FRIDUN
- F1918 BYGGINGAR REISTAR FYRIR 1918
- F ÞEGAR FRÍÐADAR BYGGINGAR
- H: GÖLFKÓTI AÐALHÆÐAR
- P: ÞAKKÓTI (HÁMARK)
- 1948 BYGGINGARÁR
- 00 HÚSNÚMER
- KVÖÐ UM GÖNGUTENGSL
- KVÖÐ UM UMFERÐ
- GÖNGUSTÍGLUR
- INNKEYRSLA Í BÍLSTÆÐISHÚS / KJALLARA

Nánari skilmálar, markmið og forsendur deiliskipulagsins koma fram í heftinu "Miðborgarsvæði Reykjavíkur, Greinagerð og deiliskipulagsskilmálar fyrir staðgreinारेतिस 1.151.5."

SAMÞYKKTIR:

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43 gr. skipulagsglaga nr. 123/2010, var samþykkt á _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdarfrétt til _____ 20__

Auglýsing um gildisbreytingarinnar var birt í B-deili Stjórnartíðinda þann _____ 20__.


BREYTING Á DEILISKIPULAGI LAUGAVEGUR 1 / 1a

Deiliskipulagsuppráttur

Sveitarfélag: Reykjavík
 Tegund: Deiliskipulagsliðaga
 Mælikvarði: 1:200 / 1:500
 Dagssetning: 05.04.2023
 Útgáfa: 1 af 2
 Telkling: 1 af 2


davíð kr. pltt arkitekt fat _____
 tveykj ehf, skúlaganes 11, 101 reykjavík _____ L 896 2490

Fyrir breytingu




1 Jafndægur (23. mars og 23. okt) kl. 10:00

Eftir breytingu




4 Jafndægur (23. mars og 23. okt) kl. 10:00

Fyrir breytingu




7 Sólstöður (23. júní) kl. 10:00


Eftir breytingu




10 Sólstöður (23. júní) kl. 10:00




2 Jafndægur (23. mars og 23. okt) kl. 13:30




5 Jafndægur (23. mars og 23. okt) kl. 13:30




8 Sólstöður (23. júní) kl. 13:30




11 Sólstöður (23. júní) kl. 13:30




3 Jafndægur (23. mars og 23. okt) kl. 16:00



6 Jafndægur (23. mars og 23. okt) kl. 16:00



9 Sólstöður (23. júní) kl. 16:00



12 Sólstöður (23. júní) kl. 16:00

Sæl Sigríður,

ég vísa til neðangreindar beiðnar þinnar og leyfi ég mér að vísa til fyrri samskipta um framlagða breytingu á tillögu að deiliskipulagi varðandi Laugaveg 1.

Í beiðninni er óskað eftir því að skoðað verði hvort unnt sé að „einfalda verkið“ og framkvæmd þess, með því t.d. að taka kjallarann undir gamla húsinu út.

Beiðnin var yfirfarin af hálfu eiganda Laugavegar 1 en eftirfarandi samantekt á aðdraganda fyrirbyggjandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi skýrir vonandi hvernig ekki verði séð að verkið og framkvæmd þess verði „einfölduð“ með því að taka kjallarann undir gamla húsinu út úr tillögunni.

Almennt um Laugaveg 1

1. Húsið að Laugavegi 1 var byggt árið 1848 og er eitt af elstu húsum Reykjavíkur sem standa enn á upprunalegum stað. Þá er húsið jafnframt fyrsta og elsta verslunarhúsnæði sem stendur við Laugaveg. Í húsinu er upprunalegur hlaðinn kjallari sem að öllum líkindum hefur verið nýttur sem kolageymsla (Laugavegur 1, Reykjavík. Greinargerð og byggingarsaga. Páll V. Bjarnason arkitekt, 6. október 2016.)
2. Við undirbúning framlagðrar tillögu um breytingu á deiliskipulagi var haft samráð við skipulagsyfirvöld og Minjastofnun. Að beiðni Minjastofnunar var fenginn óháður arkitekt, Páll V. Bjarnason, til að gera húsakönnun á framhúsi Laugavegar 1 (Laugavegur 1, Reykjavík. Greinargerð og byggingarsaga. Páll V. Bjarnason arkitekt, 6. október 2016.). Í húsakönnun hans kemur fram að lítið er eftir af upprunalega húsinu. Framhlið, gaflar og aðalgólf eru annað hvort ekki til staðar eða einungis að litlu leyti. Þá má nefna að upprunalegar steinskífur á þaki hússins eru löngu farnar. Niðurstaða Páls var sú að ástand hússins væri í reynd mjög slæmt.

Lýsing á gildandi deiliskipulagi

3. Í gildandi deiliskipulagi er tekur til Laugavegar 1 er gert ráð fyrir að bakhús á lóðinni, Laugavegur 1B, verði rífið. Það hús, sem er steinhús, er áfast öðru húsi, Hverfisgötu 14A. Fasteignin Laugavegur 1B var öll tekin í gegn fyrir nokkrum árum en í því er í dag rekin gististarfsemi.
4. Gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir að byggt verði á allri baklóðinni, að lóðinni undir Laugavegi 1B meðtalinni. Heimilt er að byggja kjallara undir allan byggingaflötinn þ.e. heildarstærð lóðar, nema undir gamla húsinu sjálfu (90 m² grunnflötur).

Fyrirliggjandi tillaga um breytingu á deiliskipulagi

5. Fyrirliggjandi tillaga gerir því ráð fyrir að gamla húsið að Laugavegi 1 verði endurbyggt í upprunalegri mynd, og að við endurgerðina verði nýtt allt það upprunalega efni sem er til staðar í húsinu og telst nothæft. Framhliðin verður þannig færð í upprunalegt horf með smávægilegum breytingum, sem nauðsynlegar eru vegna breyttra krafna. Þannig verða gluggar síðari, útidyrhurð verður með upprunalegu útliti og steinskífur verða lagðar á þakið. Áhersla er lögð á minningargildi hússins, sem elsta verslunarhúsnæðis við Laugaveg, og að ásýnd þess verði eins upprunaleg og tækast er. Öll endurgerð er unnin í samráði við Minjastofnun Íslands.
6. Tillagan gerir einnig ráð fyrir að bakhúsið, Laugavegur 1B, standi áfram og verði því ekki rífið niður með tilheyrandi raski og lengri framkvæmdatíma. Þannig minnkar einnig leyfilegt byggingamagn á

lóðinni, því ekki verður byggt alveg að húsinu né kjallari gerður undir garði/porti á milli bygginga á lóð.

7. Þá gerir tillagan ráð fyrir viðbyggingu við eldrahús bæði fyrir aftan og beggja vegna við Laugaveg 1, og að kjallari sé undir þeirri byggingu, eins og gildandi skipulag gerir ráð fyrir.

Tillaga um dýpkun kjallara undir gamla húsinu elsta hluta Laugavegs 1

8. Sú breyting er lögð er til og beiðnin lýtur að er sú að kjallarinn nái einnig undir elsta húsið, Laugaveg 1. Rétt er að áréttta að undir húsinu *er nú þegar kjallari*. Hann hefur að öllum líkindum upphaflega verið nýttur sem kolageymsla, er lægri næst götu (90 cm) og dýpkar hallandi að bakhúsi eða þar sem hann er hæstur (1,8 m). Af þessu leiðir að einfaldara er að grafa út kjallara undir húsinu sjálfu en ella þar sem einungis er verið að dýpka kjallarann *sem fyrir er*, þannig að hann nái allur löglegri lofthæð. Í húsakönnun Páls V. Bjarnasonar segir um þetta „[í] kjallara er moldargólf og er lofthæð þar að meðaltali um 170 cm. Mikið hefur verið fjarlægt af burðarstöðum gólfs yfir kjallara og hluti gólfsins yfir hefur verið lækkaður.“ Sú lækun á aðalgólfi nemur um u.þ.b. 40 cm.
9. Þar sem ráðlagt er að lyfta húsinu við endurgerð þess að tillögu Minjastofnunar Íslands um allt að 50 cm og í núverandi samþykktu deiliskipulagi er heimild að gera kjallara á þrjá vegu við eldra hús er dýpkun kjallarans ekki jafn stór framkvæmd og ella ásamt því að kjallari er nú þegar til staðar einsog áður hefur komið fram. Önnur endurbyggð hús á svæðinu hafa verið hækkuð með sama hætti, þar sem þau hafa einnig „sigið“ undir hækkandi götuhæð.

Beiðni um „einföldun framkvæmda“

10. Af framangreindu leiðir að sú tillaga sem er til skoðunar hefur þegar verið einfölduð miðað við samþykkt skipulag og heimilt byggingarmagn á lóðunum. Umfang framkvæmda er að sama skapi minna. Byggingamagn tillögunnar eins og hún er lögð fram minnkar um 100 m² frá núverandi samþykktu deiliskipulagi, og fermetrar eru jafnframt „færðir til“ þannig að færri fermetrar verði á minna svæði ofanjarðar en gildandi skipulag gerir ráð fyrir.
11. Þar sem kjallarinn er nú þegar til staðar, og núverandi skipulag veitir heimild til að grafa fyrir kjallara á þrjá vegu við húsið sjálft, verður ekki séð að dýpkun kjallarans undir húsinu sé í reynd aðgerð sem leiði til umfangsmeiri framkvæmda, og að það að taka þann hluta tillögunnar frá, sé í reynd til þess fallið að einfalda heildarframkvæmdir á svæðinu. Í því sambandi er rétt að áréttta að mælst er til þess að húsinu verði lyft til að það falli betur að hærri götuhæð en ekki í þeim tilgangi að vinna að dýpkun kjallara undir því.
12. Það er hins vegar töluverð einföldun sem felst í því að halda steinhúsinu, Laugavegi 1B, eins og lagt er til. Húsið er sem fyrr segir áfast öðru húsi við Hverfisgötu og er mun stærra en Laugavegur 1, auk þess sem það er bakhús og því þrengra um framkvæmdir þar. Ljóst er að bæði yrði jarðrask meira og framkvæmdatími lengri ef ætlunin væri að fjarlægja það hús og reisa nýtt.

Frekari rökstuðningur fyrir framlagðri tillögu um breytingu á skipulagi

13. Nýtanlegur kjallari verður að teljast góð viðbót við það hús sem fyrir er og endurbygging er fyrirhuguð á. Með honum eykst notagildi hússins, hvort sem er sem verslunarrými eða undir aðra starfsemi. Þá er vakin athygli á því að kjallarar eru í húsunum beggja megin við Laugaveg 1, annars vegar er kjallari undir öllu húsi Laugavegar 3 og hins vegar er kjallari undir bæði Bankastræti 9 og 11 en bakhús eru einnig í sömu hæð og kjallari þess síðastnefnda.

14. Eigandi Laugavegs 1 leyfir sér að fyrirhuguð framkvæmd við endurgerð á elsta verslunarhúsnæðinu við Laugaveg er mjög kostnaðarmikil. Hann telur því afar mikilvægt að geta nýtt þann kjallara sem fyrir er að fullu eftir endurgerð hússins en það verður ekki mögulegt nema með löglegrí lofthæð. Erfitt er að réttlæta svo kostnaðarsama framkvæmd án þess að geta stækkað verslunarrýmið með þeim hætti sem lagt er til.
15. Við endurbyggingu Laugavegar 4-6 hvíla eldri húsin nú ofan á stórum og nýstárlegum kjallara, sem er nýttur sem verslunarrými. Eldri húsin njóta sín til fulls í upprunalegu horfi en henta vel til verslunarstarfsemi með rúmgóðum kjallara.
16. Öll verkefni við Laugaveg sl. 5-10 ár hafa verið með kjöllum og jafnvel bílakjöllum. Má ætla að ætlunin sé að svæðið við Laugaveg nýtist sem best og henti til þeirrar starfsemi og búsetu sem ætlað er að varðveita og tryggja til framtíðar.

Aðrar endurbyggingar og framkvæmdir á vegum umsækjanda

17. Fyrirsvarsmenn eiganda Laugavegar 1 leyfa sér að vekja athygli á því að þetta er ekki í fyrsta skipti sem þeir fara í endurbyggingu á gömlu húsi þar sem gamall efniviður er nýttur eða endurgerður og eldra útliti hússins gert hátt undir höfði.
 - Hafnarstræti 106, Akureyri
 - Austurstræti 5, Reykjavík

Lokaorð

18. Með fyrirleggjandi tillögu að breytingu á samþykktu deiliskipulagi er stefnt að því að húsið að Laugavegi 1 verði endurbyggt með sambærilegum hætti og önnur eldri hús við götuna, en nærtækasta dæmið er Laugavegur 4-6 (2010). Endurbyggingin taki mið af aldri hússins, sögu þess og varðveislu hennar, og að útlit þess verði sem næst upprunalegu. Allt upprunalegt og annað gamalt efni verði nýtt að því leyti sem unnt er. Endurbyggingin sé þó jafnframt með þeim hætti að húsið standist nútíma kröfur um stærð og nýtingu verslunarhúsnæðis við elstu verslunargötu borgarinnar. Dýpkun kjallara eykur notagildi hússins án þess að hafa áhrif á endurgerð þess í sem næst upprunalega útliti þess. Varðveislugildi hússins og nýting þess fari þannig vel saman.
19. Ljóst er að kostnaður við framkvæmdina verður mikill enda lagt upp með að endurgerðin sé vönduð og endurspeglí menningarsögulegt gildi hússins og sýni sögu þess þannig virðingu. Nýting endurbyggðs húss verður þó jafnframt að geta staðið að einhverju leyti undir þeim mikla kostnaði sem lagður er í endurbygginguna.
20. Í dag er rekin minjagripaverslun undir merkinu Icemart að Laugavegi 1. Fyrirhugað er að endurgert hús muni hins vegar hýsa svokallaða „flaggskipverslun“ Icewear með gæðavörur úr íslenskri ull í forgrunni. Er þá sérstaklega ætlað að gera hátt undir höfði fatnaði sem einangraður er með íslenskri ull, en sú framleiðsla er alfarið íslensk nýsköpun og hugvit eigenda Icewear.

Með vísan til alls framangreinds telja fyrirsvarsmenn eiganda Laugavegar 1 að þegar hafi verið ráðist í að einfalda verk og framkvæmd endurbyggingar hússins að Laugavegi 1, þegar litið er til núverandi samþykkt skipulags á svæðinu. Þannig hafi framkvæmdasvæðið verið minnkað um 100 m² og fermetrar jafnframt verið þéttir á minna svæði en skipulagið ráðgerir. Bakhús verði ekki rífið eins og heimild er til. Þá er lagt til

að kjallari, sem þegar er til staðar undir grunnfleti elsta hússins, verði dýpkaður til samræmis við kjallara sitt hvoru megin og fyrir aftan húsið, eins og skipulag gerir ráð fyrir.

Fyrirliggjandi tillaga að breytingum gerir þannig ráð fyrir einfaldara og minna umfangi framkvæmda en samþykkt skipulag gerir ráð fyrir, auk þess sem tilheyrandi rask og ónæði er mun minna þar sem steinhúsið á baklóðinni verður ekki rífið.

Virðingarfyllt

Davíð Kr. Pitt arkitekt



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Davíð Kristján Pitt arkitekt FAÍ
Skildinganesi 11
102 Reykjavík

Reykjavík 19. maí 2022
MÍ202201-0107/ 6.06 / 0160

Umhverfis- og skipulagssvið
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis
Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.

Laugavegur 1, Reykjavík – fyrirspurn um breytingar

Í tölvupósti dags. 25. apríl 2022 leitar Davíð Kristján Pitt arkitekt eftir umsögn Minjastofnunar Íslands vegna fyrirspurnar um breytingu á deiliskipulagi á lóðinni Laugavegi 1 þar sem fyrir er elsta húsið við götuna. Með erindinu fylgja kynningargögn, Laugavegur 1 – framtíðaráform unnin af dkpitt arkitektum. Lagt er til að fjarlægja seinni tíma viðbyggingar, endurskapa að hluta til upphaflegt útlit og efnisval elsta hússins og reisa nýja viðbyggingu aftan við það auk þess að dýpka kjallara.


Húsið við Laugaveg 1 var reist árið 1848. Sökum aldurs var það friðað samkvæmt þjóðminjalögum nr. 104/2001 og er því friðlýst bygging skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í 9. gr. laga nr. 80/2012 er áskilið að húsafriðunarnefnd fjalli um breytingar á friðlýstum húsum. Jafnframt er þekkt að svæðið sem afmarkast af Hringbraut og Snorrabraut er einstaklega viðkvæmt með tilliti til fornminja undir sverði. Ef áætlað er að rífa hús og byggja nýtt, grafa kjallara eða stækka grunnflöt húss þarf fulltrúi Minjastofnunar Íslands að meta áhrif jarðraskis á mögulegar minjar. Ekki liggur fyrir fornleifaskráning fyrir svæðið.


Tillaga Davíðs Kr. Pitt var kynnt á fundi húsafriðunarnefndar 12. maí 2022. Bókað var að húsafriðunarnefnd er jákvæð fyrir þeirri hugmynd að endurgerð hússins sem tillagan byggir á og mælir með að áfram verði unnið á grundvelli hennar.

Minjastofnun tekur undir álit húsafriðunarnefndar á útfærslu deiliskipulags á Laugavegi 1 og mælir með að unnið verði áfram á grundvelli tillögu Davíðs Kr. Pitt að endurgerð og stækkun hins friðlýsta húss á Laugavegi 1 í samráði við Minjastofnun. Á baklód stendur geymsluhús (síðar hesthús og smíðaverkstæði, nú hluti verslunar) sem reist var 1868. Í tilögunni er gert ráð fyrir að geymsluhúsið víki af lóðinni. Minjastofnun mælir með að kannað verði hvort unnt sé að varðveita geymsluhúsið og endurreisa það á öðrum stað. Lóðin Laugavegur 1 er staðsett á svæði, afmörkuðu af Hringbraut og Snorrabraut, sem reynslan hefur sýnt að er einstaklega viðkvæmt með tilliti til minja. Samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum eru bæjarstæði Þingholts og Litlabæjar í landi Arnarhóls skráðar nærri lóðinni Laugavegi 1. Ekki er því hægt að útiloka að minjar frá fyrri tíð komi í ljós við jarðrask. Minjastofnun Íslands fer fram á að fenginn verði fornleifafræðingur til þess að hafa framkvæmdareftirlit vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Ef komið er niður á minjar af því tagi, að

fornleifafræðingur telur ástæðu til að stöðva framkvæmd, ber að hafa samband við Minjastofnun varðandi framhald verksins, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllt,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis


Pétur H. Ármannsson
sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Afrit sent:
Davíð Kristján Pitt [REDACTED]
Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík skipulag@skipulag.is
Byggingarfulltrúinn í Reykjavík byggingarfulltrui@reykjavik.is
Borgarsögusafn Reykjavíkur minjavarsla@reykjavik.is

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33., 34. og 35. eru kæránlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin. Skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.